

## Fundargerð

41. fundur erfðanefndar landbúnaðarins  
Haldin á Keldnaholti 14. september 2022 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Leó Alexander Guðmundsson (LAG), Járngerður Grétarsdóttir (JG), Steinunn Garðarsdóttir (SG). Þorvaldur Kristjánsson (ÞK).

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á fund.

1. Samþykkt dagskrá  
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Samþykkt fundargerð frá 40. fundi nefndarinnar
3. Staða mála frá síðasta fundi nefndarinnar

BKB sagði frá aðalfundi ERFPP (European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources) sem haldin var í Porto í Portúgal 3.- 4. september. Frakkland hefur hýst skrifstofu ERFPP síðustu fjögur ár og verður áfram næstu fjögur ár.

4. Umsögn um innflutning á frjóeggjum hæsnastofnum „Barred Plymouth Rock“ og „Rhode Island Red“ frá Noregi. Umræður fóru fram um innflutning þessara hæsnakynja. Ekki fékkst sameiginleg niðurstaða nefndarinnar.

*Afgreiðsla: BKB falið að gera uppkast að svari til Matvælastofnunar fyrir meirihlutaálit nefndarinnar.*

5. Önnur mál

Landsáætlun 2024 - 2028

Rætt var um undirbúning fyrir næstu landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins um verndun erfðaaauðlinda í íslenskum landbúnaði.

*Afgreiðsla: BKB falið að hefja undirbúning landsáætlunar á næsta ári 2023.*

6. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund þann 8. desember kl. 13

Fundi slitið